

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**741. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 12. mars 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
2. Bréf Umhverfissráðuneytisins.
3. Bréf Innanríkisráðuneytisins.
4. Bréf úrskurðarnefndar um skipulags-og byggingarmál.
5. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
6. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
7. Bréf Umhverfisstofnunar.
8. Bréf Umhverfisstofnunar.
9. Bréf Kvenfélagsins Iðunnar og Umf. Hörpu
10. Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður 23. mars n.k. kl 16:00 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
2. Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 2. mars s.l. þar sem óskað er eftir athugasemdum við frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, vegna innleiðingar á úrgangstilskipun 2008/98/EB. Erindinu vísað til skoðunar forstöðumanns tæknideildar og umhverfisstjóra.
3. Lagt fram til kynningar bréf Innanríkisráðuneytisins dags 2. mars s.l. Skýrsla nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins.
4. Lagður fram til kynningar úrskurður úrskurðarnefndar skipulags-og byggingarmála, mál 25/2009 kæra á ákvörðun hreppsnefndar Bæjarhrepps frá 5. nóvember 2008 um að samþykkja nýtt deiliskipulag fyrir Borðeyri í Bæjarhreppi. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun hreppsnefndar Bæjarhrepps frá 5. nóvember 2008 nýtt deiliskipulag fyrir Borðeyri í Bæjarhreppi.
5. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 7. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Jóhönnu Sigríðar Sveinsdóttur um leyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka gistiheimili Hönnu Siggú í flokki III yfir gististaði að Garðavegi 26 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
6. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 7. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Ómars Jóhannssonar f.h. Staðarskála ehf. um leyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka gistiheimili í flokki V og veitingastað í flokki II að Staðarflöt. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
7. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 2. mars s.l. um urðunarstað Húnaþings vestra í landi Syðri-Kárastaða. Erindinu vísað til afgreiðslu tæknideildar.
8. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. mars s.l. um reglubundið mengunareftirlit. Erindinu vísað til afgreiðslu tæknideildar.
9. Lagt fram bréf Kvenfélagsins Iðunnar og Ungmennafélagsins Hörpu dags. 5. mars s.l. um leigugjald fyrir afnot af skólahúsinu á Borðeyri vegna þorrablóts. Byggðarráð ítrekar að innheimt leiga er samkvæmt gildandi gjaldskrá. Byggðarráð samþykkir

jafnframt að innheimta ekki leigugjald fyrir félags-og aðalfundi Kvenfélagsins Iðunnar og Ungmennafélagsins Hörpu sem haldnir verða í skólahúsinu á Borðeyri.

10. Lögð fram til kynningar ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra.

Samþykkt að taka á dagskrá.

11. Byggðarráð samþykkir framlagðar reglur um akstursstyrki vegna dreifnáms í Húnaþingi vestra.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:17:35

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Guðrún Ragnarsdóttir,skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson